

Dómsorð:

Ákærði, Karl Ottó Pálsson, sæti varðhaldi í 12 daga.
Hann er sviptur bifreiðarstjóraréttindum ævilangt frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 27. febrúar 1956.

Nr. 184/1955. **Ákærvaldið** (Hermann Jónsson)

gegn

Ferdinand Jóhannssyni (Jón N. Sigurðsson).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnason,
Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theódór B. Lindal
prófessor.

Ákæra um tolllagabrot.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er ríkissjóði dæmt að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Hermanns Jónssonar og Jóns N. Sigurðssonar hæstaréttarlögmannna, kr. 1500.00 til hvors.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 23. nóvember 1955.

Ár 1955, miðvikudaginn 23. nóvember, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Guðmundi Ingva Sigurðssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 5505/1955: Ákærvaldið gegn Ferdinand Jóhannssyni, sem dómtekið var þann 19. nóvember s.l.

Málið er höfðað gegn Ferdinand Jóhannssyni umboðssala, til heimilis á Holtsgötu 20, hér í bæ. Er hann samkvæmt ákæruskjali, dags. 12. september s.l., ákærður fyrir „að hafa flutt hingað inn til landsins hinn 12. desember 1954 frá Þýzkalandi með flugvélinni Gullfaxa 64 stykki af úrarmböndum fram yfir það, sem getið var um á tollinnflutningsskýrslu, svo og fyrir að hafa að þessu leyti gefið tollyfirvöldum ranga skýrslu hinn 17. desember 1954. Teljast brot ákærða varða við 1. mgr. 36. gr. laga nr. 63/1937 um tollheimtu og tolleftirlit, 45. gr. og 84. gr. sbr. 93. gr. reglugerðar nr. 123/1938 um sama efni svo og við 2. mgr. 18. gr. og 33. gr. reglugerðar nr. 122/1940 um tollmeðferð aðfluttra vara.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess og krafizt, að framangreindar vörur verði gerðar upptækar ríkissjóði til handa samkvæmt 4. mgr. 36. gr. laga nr. 63/1937 um tollheimtu og tolleftirlit og samkvæmt 2. mgr. 84. gr. reglugerðar nr. 123/1938 um sama efni.“

Ákærði er fæddur 17. október 1893 á Völlum í Svarfaðardal. Hefur hann, svo kunnugt sé, hvorki sætt kæru né refsingu fyrr.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dags. 29. október 1954, pantaði ákærði frá fyrirtækinu Artur Fischer í Þýzkalandi úrarmbönd fyrir upphæð, sem nam £ 109-6-0. Hafði hann fengið innflutningsleyfi. Í sama bréfi pantaði hann og úrarmbönd fyrir upphæð, sem nam £ 29-12-3, sem var sölubóknun (commission), sem hann átti hjá fyrrnefndu fyrirtæki. Stærri pöntunin skyldi merkt nr. 8088 og sú minni nr. 8089. Bað ákærði um, að tveir reikningar fylgdu og þess getið á reikningnum yfir minni pöntunina, að sá reikningur væri greiddur með sölubóknun ákærða.

Varningur þessi kom til landsins með flugvélinni Gullfaxa þann 12. desember 1954 og var í einni sendingu. Um miðjan þenna mánuð fékk ákærði frá fyrirtækinu tvo reikninga, varðandi þessar pantanir hans. Fyrirtækið sendi hins vegar aðeins hærri reikninginn í Landsbankann til innheimtu, þ. e. reikninginn yfir pöntun nr. 8088. Ákærði greiddi reikning þenna þann 17. desember 1954 og útbjó síðan tollinnflutningsskýrslu í samræmi við hann, en á reikningi þessum stóð, að hann væri yfir pöntun ákærða nr.

8088, að hann væri í samræmi við innihald sendingarinnar til ákærða og að reikningurinn væri að upphæð £ 109-6-0.

Ákærði taldi, að úrarmböndin fyrir lægri upphæðina hefðu verið send sérstaklega. Hann lagði nú fram hjá tollyfirvöldunum innflutningsskýrsluna og reikninginn yfir stærri pöntunina. Sendingin til ákærða var tollskoðuð, og kom þá í ljós, að 64 úrarmbönd voru umfram það, sem tilgreint var á vörureikningnum.

Tollyfirvöldin áætluðu verðmæti armbandanna, sem umfram voru, kr. 1350.00, en öll úrarmböndin voru úr málmni með gullþynnum.

Ákærði lagði fram afrit bréfs, er hann reit til þýzka fyrirtækisins, eftir að honum varð kunnugt um, að innihald sendingarinnar var ekki í samræmi við vörureikninginn. Í bréfi þessu skýrði hann frá mistökunum og baðst skýringar og leiðréttingar. Ákærði fékk svo bréf frá þýzka fyrirtækinu og lagði það fram í málinu. Í bréfi þessu upplýsir þýzka fyrirtækið, að það hafi misskilið pöntunarbréf ákærða og steypt pöntununum saman í eina sendingu.

Ákærði hefur haldið fast við það, að ekki hafi vakað fyrir honum að fara á bak við tollyfirvöldin með tollinnflutningsskýrslu sinni og að hann hafi verið grandlaus, er hann útbjó hana og lagði fram. Hann treysti því, að upplýsingar hærri vörureikningsins væru réttar.

Ef til vill má segja, að ákærði hefði haft nokkra möguleika á því að átta sig á því, að hugsanlegt hefði verið, að sendandi hefði steypt báðum pöntununum saman í eina sendingu. Sýnist að því nokkurt hagræði fyrir sendanda, þar eð ekki var um stærri sendingu að ræða, auk þess sem ákærði fékk báða vörureikningana í hendur samtímis, en aðeins annar var sendur í Landsbankann til innheimtu, enda var minni pöntunin þegar greidd, og því óþarft að senda reikninginn yfir hana í Landsbankann til innheimtu. En sem fyrr segir, hefur ákærði haldið fast við, að það hafi ekki verið ásetningur sinn að reyna að skjóta nokkrum hluta sendingarinnar undan tollgreiðslu. Má segja, að þessi framburður hans fái nokkra stoð bæði í fyrrnefndu bréfi þýzka fyrirtækisins og í því, að þess var getið á vörureikningnum yfir stærri pöntunina, að hann væri í samræmi við sendinguna, og því eðlilegt, að ákærði treysti því. Með skírskotun til þess, sem nú hefur verið rakið, og gegn neitun ákærða verður eigi talið nægilega sannað, að fyrir liggja þau huglægu skilyrði, sem verða að vera fyrir hendi, til þess að unnt sé að draga ákærða til refsíábyrgðar fyrir hina röngu

tollinnflutningsskýrslu, sem mál þetta reis af. Ber því að sýkna ákærða af öllum liðum ákærunnar.

Samkvæmt þessari niðurstöðu verður því eigi krafan um upp-
töku varningsins tekin til greina.

Ákveða ber, að allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkis-
sjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða,
Jóns N. Sigurðssonar hrl., er þykja hæfilega ákveðin kr. 1000.00.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Ferdinand Jóhannsson, á að vera sýkn saka í máli
þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin
málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns N. Sigurðs-
sonar hrl., að upphæð kr. 1000.00.

Miðvikudaginn 29. febrúar 1956.

Nr. 170/1955. **Ákærvaldið** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Kristmundi Guðmundssyni

(Egill Sigurgeirsson).

D ó m e n d u r :

hæstaréttardómaramir Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson,
Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Theódór B. Lindal
prófessor.

Líkamsáverkar. Brot gegn 218. gr. laga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta
hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan
áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningu-
laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00
til hvors.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Kristmundur Guðmundsson, greiði allan